

Nd.

616. Frumvarp til laga

um einkaleyfi til að vinna málningu úr islenzkum hráefnum.

Frá iðnaðarnefnd.

1. gr.

Frá gildistöku laga þessara veitist málarameisturunum Einari Gíslasyni og Ósvaldi Knudsen í Reykjavík næstu 5 ár einkaleyfi til þess að vinna málningu úr islenzkum hráefnum (jarðefnum).

2. gr.

Meðan leyfistíminn stendur, er öllum öðrum óheimilt að nema jarðefni hér á landi í þeim tilgangi að vinna úr þeim málningu til sölu. Brot gegn þessu ákvæði varðar sektum frá 500—5000 kr., er renna í rikissjóð.

3. gr.

Hafi sérleyfishafar ekki notfært sér leyfið að verulegu leyti tvö fyrstu árin, er atvinnumálaráðherra heimilt að svipta þá sérleyfinu.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Einstöku tilraunir hafa verið gerðar hér á landi á síðustu árum til þess að nota islenzkan hveraleir til málningar, en allar í smáum stíl og fremur sem athugun á nothæfni efnisins en sem byrjun til atvinnurekstrar. Athuganir þeirra Einars sál. Jónssonar málara, Helga H. Eiríkssonar námufraðings o. fl. hafa sýnt, að talsvert af leir þessum er nothæft sem hráefni í málningu, og ætti þannig að vera hægt að framleiða verulegan hluta af þeirri málningu, er vér þurfum, hér heima. Talsverður byrjunarkostnaður fylgir slíkri framleiðslu, og þar sem Íslendingar eru henni óvanir, fylgir því vitanlega allmikil áhætta að ráðast fyrstur manna í fyrirtæki í þessu skyni, og ryðja þannig hraut þeirri reynslu, sem með þarf í meðferð hinna innlendu hráefna. Mun það ástæðan til þess, að engir hafa treyst sér út í þá tilraun hingað til. Hitt mun varla valda tvímæli, að rétt sé og sjálfsagt að styðja að því, að slík framleiðsla komist á fót í landinu. Virðist því sanngjarnt, að þessum tveim málarameisturum, sem hafa undirbúið málið og segjast reiðubúnir til þess að hrinda því af stað, verði veitt aðstaða til þess að gera tilraunina, og fái þeir því 5 ára sérleyfi til framleiðslu innlendra málningar.